



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 14/2017

Drög að reglum um breytingu á reglum um tæknilega staðla varðandi  
upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri  
umsögn eigi síðar en 25. ágúst 2017 nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu  
Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á  
sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að  
leiðbeinandi tilmælum.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög  
og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.  
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með  
fjármálastarfsemi

10. júlí 2017

## REGLUR

um breytingu á reglum um tæknilega staðla varðandi upplýsingaskyldu  
fjármálafyrirtækja, nr. 506/2017.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein og verður 4. mgr., svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingar um vogunarhlutfall sem koma fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/200 frá 15. febrúar 2016, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist nýr töluliður og verður 4. töluliður, svohljóðandi:

4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/200 frá 15. febrúar 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga um vogunarhlutfall fjármálafyrirtækja sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. mgr. 3. gr.:

a. Í stað orðanna „og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555“ kemur „og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555 og 2016/200“.

b. Við bætist nýr töluliður og verður 4. töluliður, svohljóðandi:

4. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465401066273&uri=CELEX:32015R1555>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 244, þann 19. september 2015, bls. 1-8.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í b-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 30. september 2017.*